

| fólk | matur | sudoku | börn | heilsa | tíska | tónlist | krossgáta | stjörnuspa |

birta

fer í bæinn

» MARIE SEM ELSKAR JÓAKIM
» HEIL KJÚKLINGAMÁLTÍÐ

ÞÓRUNN & OLIVER
» *Með París
í farteskinu*

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
24. mars - 30. mars

Sjálfskipt Fiesta. Núna



► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákni um gæði - veldu Ford.

Berðu saman Yaris og Fiesta

Fáir bílar eru jafn léttir í akstri og Ford Fiesta. Þú vilt sterkan sjálfskiptan smábíl sem gott er að keyra og auðvelt er að umgangast. Bíl sem auðvelt er að fara inn í - og út úr - án þess að þurfa reyna mikið á líkamann; hendur, fætur, mjöðm eða bak - þú prófar nýjan og breytta Fiesta. Skiptu núna um bíl: Fiesta er nýtt tákni um nýja hönnun smábíla og skartar því besta frá stærri bílum eins og Focus og Mondeo. Gömul tákni eru fallin. Og ný tekin við. Öryggi Fiesta, aksturseginnleikarnir, sjálfskiptingin og glæsilegt útlit kalla á nýjan samanburð.

Berðu saman Toyota Yaris Sol og Ford Fiesta Trend. Kynntu þér staðalbúnaðinn. Farangursrýmið. Kynntu þér þjónustu Brimborgar og endursölu Ford. Kynntu þér greiðslukjörin. Berðu saman verð og gæði og nýtt viðmið verður til fyrir val á rétta bílnum. Veldu sjálfskiptan Fiesta.

Nýr og breyttur Ford Fiesta: Lægra verð, meiri búnaður.*

Kaupverð

Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,4i 5 girja	1.390.000 kr.
Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,6i sjálfskiptur	1.540.000 kr.

Bílasamningur

Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,4i 5 girja	18.960 kr.
Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,6i sjálfskiptur	20.980 kr.


Rekstrarleiga

Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,4i 5 girja	26.990 kr.
Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,6i sjálfskiptur	29.780 kr.

Nýttu þér kynningartilboðin á nýjum og breyttum Ford Fiesta



Ford er meðal vinsælastu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.



* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl. myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustuefirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd af Fiesta er áfælgur.



Nýtt tákni um gæði



Berðu saman mikilvægasta búnaðinn; vélina, sjálfskiptinguna, IPS öryggiskerfið: Þú færð 1,6 l, 100 hö. Fiesta í stað 1,3 l, 87 hö. Yaris eða meiri kraft en svipaða eldsneytis-eyðslu. Öryggiskerfið er hjarta Fiesta og státar af IPS öryggisbúnaðinum. Berðu saman aksturseiginleika Fiesta og Yaris. Spurðu um ABS bremsur, EBD hemlajöfnun, IPS öryggispúða fyrir framsæti, einnig um IPS öryggispúða í hliðum. Spurðu um 3-punkta bílbelti fyrir öll sæti, rafstýrða bílbeltastrekkjara og hæðarstillingu fyrir bílbelti. Rafstýrða eldsneytislokun. Styrktarbita í hurðum. Ræsvörn. Þú finnur aðeins það besta í Fiesta og Yaris. Taktu um stýrið og alvöru sjálfskiptingin gefur til kynna að þú ert í meiri og betri bíl en áður. Tryggðu öryggi þitt. Berðu saman verð og gæði.

Kynntu þér örugga þjónustu Brimborgar. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Veldu nýjan og breyttan Ford Fiesta.

Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

- | | |
|--------------------------------|--|
| IPS öryggisbúnaður | Upphitanleg framsæti |
| 4 öryggispúðar | Trend áklæði á sætum |
| 5 höfuðpúðar | Tvískipt aftursæti |
| ABS hemlajöfnun | Geislasplari og 4 hátalarar |
| EBD hemlajöfnun | Rafdrifnar rúður að framan |
| Rafstýrðir bílbeltastrekkjarar | Fjaropnun á skotti |
| Hæðarstillt bílbelti að framan | Rafdrifnir og upphitanlegir útispeglar |
| Ræsvörn | Litað gler |
| Fjarstýrð samlæsing | Samlitir stuðningar |
| Hæðarstilling á ökumannssæti | Pokuljós |
| Hæðarstillanlegt stýri | |

Eða Fusion - svoltið jeppalegri?

Skoðu einnig nýjan og breyttan Ford Fusion. Þú ert á meiri og betri bíl en áður. Hann er hærri og enn auðveldari að umgangast. Líka svoltið jeppalegri. Skoðuðu kynningartilboðin á sjálfskiptum Fusion í dag, einnig greiðslukörin. Komdu í Brimborg.



■ Ford Fusion Trend
5 dyra 1,6i sjálfskiptur*
Kaupverð 1.650.000 kr.
Bílasamningur 22.460 kr.
Rekstrarleiga 31.530 kr.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðuðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðuðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.



Öruggur staður til að vera á

Lyftu huganum á flug

L'Amour Collection



NOKIA
7360



NOKIA
7370



NOKIA
7380

Pú fyllist andagift og ímyndunaraflíð fer á flug. Listrænt form og framúrskarandi hugmynd sameinast. Tæknileg fullkomin og listfengi skapa farsíma sem eiga sér enga líka. Þetta er L'Amour línan. Hún veitir þér innblástur.

www.nokia.com

NOKIA
Connecting People



12

Þetta helst

- 7 Garðurinn grænkar
- 8 Heitt og kalt
- 8 Tíðarandi
- 10 Brennsla Tinnu

Viðtöl og greinar

- 12 Þórunn og Oliver:
Með París í farteskinu
- 16 Marie sem Jóakim elskar

Hann hún

- 18 Heil kjúklingamáltíð
- 24 Snýst um að skapa sinn eigin stíl
- 26 Kristín Eva elur upp
- 26 Eldri mæður eignast tvíbura
- 28 Jóhanna Sveinsdóttir segir kynjasögur
- 28 Stjörnuspá

Í hverju blaði

- 30 Sudoku
- 32 Krossgáta
- 33 Sjónvarpsdagská næstu viku



26



24

birta

24. mars– 30. mars 2006 nr. 12

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar

RITSTJÓRAR: Sigríður Björg Tómasdóttir
sigridur@frettabladid.is

og Steinunn Stefánsdóttir (ábm.)
steinunn@frettabladid.is

RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:

Skaftahlíó 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000

DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:

Jón Laufdal / jonl@frettabladid.is

Sölustjóri 550 5845 / 899 7600

Ester Sigurðardóttir / ester@frettabladid.is

Markaðsráðgjafi 550 5828 / 899 7600

Guðný Magnúsdóttir / gudnymagg@365.is

Markaðsfulltrúi 550 5854 / 866 0769

Greta Karen Grétarsdóttir / gretakaren@frett.is

Markaðsfulltrúi / 550 5864 / 846 5772

Ámundi Ámundason / amundi@frettabladid.is

Markaðsfulltrúi 550 5811 / 821 7514

UMBROT: 365 – prentmiðlar

Kristín Agnarsdóttir, Einar Elí Magnússon
og Arnór Bogason

PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.

FORSÍÐUMYND: Hari

NETFANG: birta@frettabladid.is

Birtu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Það skiptir ekki máli hvað þú færð mikið í fermingargjöf, heldur hvað þú gerir við það. Leggðu 20.000 kr. eða meira inn á Framtíðargrunn Landsbankans og þú færð 5.000 kr. til viðbótar.

Þú gætir líka unnið: iBook fartölvu eða iPod nano

Hafðu samband og við ráðleggjum þér hvernig fermingarpeningarnir þínir eru best geymdir.



„Strákar, hvað finnst ykkur
að við eigum að syngja?
Við þurfum að velja vel.“





Garðurinn grænkar

Vorið er tími framkvæmda og tiltektar. Þeir sem ætla að byggja og breyta hefja framkvæmdir að vorlagi eða eftir að veðrið hefur gefið sitt leyfi. Þá gefst tími til þess að byggja sólpalla, ýmsar viðbyggingar og allt annað sem nýta má til þess að fegra og bæta nánasta umhverfi.

Þeir sem ekki hyggja á stórtækar framkvæmdir líta hins vegar út um eldhúsgluggann og athuga ástand garðsins. Haustlaufin liggja ennþá mörg hver úti um allt og í mörgum görðum má finna ágætis safn

af sprungnum flugeldum. Góðu fréttirnar eru þær að grasið er farið að grænka og víða má sjá brum á trjám. Gróðurinn er þó ennþá viðkvæmur og ekki má mikið út af bregða. Frostið undanfarna daga er góður vitnisburður um að betra sé að halda að sér höndum enn um sinn. Í góðu lagi er þó að hefja undirbúning framkvæmda, þá er hægt að sæta lagi um leið og veður leyfir. Við skulum vona að mildur vetur og snemmbúið vor gefi góð fyrirheit um bjart sumar með blómlegum garði.

heitt & kalt |

Heitt

Volgt

Hvorki heitt né kalt

Við stofuhita

Ískalt





Grunnlitir Svartur, hvítur, gulur, rauður, grænn og blár verða áberandi í sumar. Sterkir og ákveðnir litir sem þó má blanda saman á allan mögulegan og ómögulegan hátt.



Ferðir innanlands Það er ekki að ástæðulausu sem allir þessir ferðamenn eru að flykkjast hingað.



Vorið Virðist ekki geta ákveðið sig hvort það ætli að vera heitt eða kalt



Venjulegir strigaskór Eru ekki allir komnir með leið á týpisku svörtu Converse-skónum? Meira mynstur og fleiri liti!



Hnakkar/Treflar Þessi umræða er fáránleg. Lífið er aðeins flóknara en svo að hægt sé að skipta mannkyninu í tvo flokka.

Páskaegg »
Nammi namm

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að páskaeggjin eru komin í verslanir. Súkkulaði og brjóstsykur, karamellur og málshættir. Formúla sem gengið hefur upp í áratugi og virðist ekkert vera á undanhaldi. Það er um að gera að taka forskot á sæluna og fá sér eitt lítið páskaegg og sjá hvaða heilræði spekingarnir hjá Góu og Nóa Sírius hafa fram að færa. En munið þó: Þrátt fyrir að góð vísa sé aldrei of oft kveðin er allt best í hófi.



Umpottun » *Jarðvegur heimilisvina endurnýjaður*



Þeir sem vilja gleðja pottablómin sín og þar með auka fegurð þeirra gefa þeim nýja mold á vorin. Besti tíminn til að umpotta er einmitt nú þegar birtan er að aukast. Því er ráð að verða sér úti um góða pottamold og hanska og endurnýja jarðveg þessara heimilisvina. Þeir munu launa það ríkulega.

Blóm » *Segðu það með túlipönum*

Úrval túlipana í blómabúðum er öruggt merki um árs-tíðaskipti. Dagurinn lengist og túlipanavendir í öllum regnbogans litum streyma inn í búðir. Fá blóm eru jafn falleg í vasa og túlipanar. Og stofan verður fallegri þegar búið er að skreyta hana með einum vendi eða fleiri. Til að blómin standi sem lengst er húsráð að setja lítið vatn í vasann. Ef það er ekki gert er hætt við að túlipanarnir hengi haus fljótlega og það viljum við ekki.



Sokkar » *Flottir fætur*

Sokkar eru skemmtilegt fyrirbæri. Fjölmargir velta sér upp úr því hvernig sokkum skal klæðast hvern dag, allavega fleiri en margur skyldi halda. Margir myndu sem dæmi frekar sleppa því að klæðast nærbuxum en að sleppa sokkunum. Aftur á móti eru þeir einnig fjölmargir sem skilja vart tilgang sokka eða sjá ástæðu til þess að skipta um þá reglulega, hvað þá að vera að kaupa þá dýrum dómum. Nokkuð hefur verið þó verið að færast í vöxt að undanförunu að fólk hafi fengið leið á hinum týpísku svörtu og hvítu einlitu sokkum og hafi byrjað að ganga í litskrúðugum og mynstruðum sokkum. Slíkt er einnig mikið mun skemmtilegra og getur lífgað upp mikið upp þann fjöruga líkamshluta sem fæturnir eru vissulega. Því þarf enginn að hafa minni-máttarkennd lengur og tími til kominn að lifga upp á herbergið með flottum og svölum sokkum.





Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Það skiptir ekki máli hvað þú færð mikið í fermingargjöf, heldur hvað þú gerir við það. Leggðu 20.000 kr. eða meira inn á Framtíðargrunn Landsbankans og þú færð 5.000 kr. til viðbótar.

Þú gætir líka unnið: iBook fartölvu eða iPod nano

Hafðu samband og við ráðleggjum þér hvernig fermingarpeningarnir þínir eru best geymdir.



„Æi, mér líður nú bara eitthvað hálf kjánalega. Ég er ekki alveg til í að fara að syngja eitthvað hérna.“



brennslan mín ...
Tinni Sveinsson blaðamaður

Sjálfsævisöguleg brennsla

Tinni Sveinsson, blaðamaður á DV, var að þessu sinni fenginn til þess að sjóða saman brennslu handa Birtu. Hann segir að í upphafi hafi ekki átt að vera neitt þema í brennslunni en að hún hafi endað mjög persónulega. „Ég fór að grúska í hausnum á mér og tók það sem mér fannst standa upp úr. Þannig varð brennslan svolítið sjálfsævisöguleg. Maður tengir mörg þessi lög við ákveðin tímabil og atburði,“ segir Tinni og bætir við að lokum að hann hafi reynt að teygja sig í sem felst horn enda brennslan afar fjölbreytt og skemmtileg.

TRACK 1	Air - Run. Ég kann vel að meta tölvupopp. Bæði rólyndisgrúvað og með svolitlum dillitakti. Fínt til að byrja þetta.
TRACK 2	The Hardest Button to Button - White Stripes. Eðallag og myndband Michel Gondry er klikkað, eins og reyndar flest sem hann gerir. Tónleikarnir voru líka frábærir.
TRACK 3	Warning - Biggie Smalls. Einu sinni kunni ég textann utanað. Það er endá ekkert skrítið. Maðurinn var snillingur og platan markar visst hámark í rappsögunni.
TRACK 4	Love Me - Nicholas Cage. Hann söng þetta Elvis-lag af mikilli snilld í Wild At Heart. Þetta er karóíkistandardinn minn. Klikkar aldrei.
TRACK 5	Borgin - Hjálmar. Gerði myndband við Borgina með Kalla Newman, vini mínum. Þegar upp var staðið vorum við stoltir að eiga smá í þessum magnaða klassiker.
TRACK 6	Godfather (Love Theme) - Nino Rota. Annað ástarlag. Spilað undir brúðardansinum og gerði það að verkum að við hjónin enduðum á Síkiley í brúðkaupsferð.
TRACK 7	Dub Styles - Roots Manuva. Ekki annað hægt en að kinka kalli í takt. Manuva, Mike Skinner og fleiri breskir eru það besta í rappinu þegar þeir eru í stuði.
TRACK 8	Northern Lights - Ghostigital. Nýtt íslenskt. Curver og Einar Örn eru í fantaformi og það kristallast í þessu lagi.
TRACK 9	Ego Trippin (pt 2) - De La Soul. Ennþá ferskt í dag. De La horfðu í gegnum þróunina með röntgengleraugum.
TRACK 10	Bubamara - No Smoking Band. Balkönsk klíkkun úr Black Cat White Cat til að enda þetta. Ekki annað hægt en að hoppa eins og vitleysingur, alveg eins og þegar þeir spiluðu í Höllinni.

HEIMAVÖRN SECURITAS



» birta mælir með...

...PLÖTUNNI SHOW YOUR BONES MED YEAH YEAH YEAHS

Plata sem hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu. Útkoman er samt ekki það sem allir áttu von á. Fágaðri og slípaðri en síðasta plata sem var mun hrárrí. Platan er þó ekki vonbrigði heldur þarf að nálgast hana á annan hátt en seinustu plötu. Show Your Bones er öðruvísi góð plata en fyrirrennari hennar.



...**LORD OF WAR** Myndin var að koma út á myndbandaleigur en í henni fer Nicholas Cage á kostum sem vopnasöluamaðurinn Uri Orlov. Myndin er byggð á sönnun atburðum og fjallar um hvernig Orlov kemur til Bandaríkjanna sem fátækur innflytjandi frá Sovétríkjunum sálugu, en endar á því að selja gríðarlegar vopnabirgðir frá Úkraínu í lok kalda stríðsins. Myndin er full af svörtum húmor og óþægilegum tilvísunum í raunveruleikann. Ekki búast við Hollywood-endi, en þú mátt búast við góðri mynd.

... HEIMSÓKN Í ÞJÓÐMINJASAFNIÐ

Þar eru áhugaverðar sýningar, skemmtileg og flott safnabúð og ekki síst skemmtilegt kaffihús. Hér finna allir í fjölskyldunni eitthvað við sitt hæfi.



Herralegir hita- og kælipokar

NÝTT

Þessir herra menn eru ekki bara sætir að sjá heldur gagnast einnig vel. Þá er nefnilega hægt að nota bæði til að kæla sig og hlýja. Við fyrstu notkun er kúla brotin og pokinn hitnar á svipstundu. Í næstu skipti þarf að hita pokann í vatnsbaði áður en hægt er að nýta hann sem varma-gjafa. Einnig er hægt að geyma herrana í ísskáp og þá eru þeir ávallt reiðubúnir að kæla. Herramennirnir eru passlegir að stæð fyrir smáar hendur og upp-lagðir til að lina sárs-auka, hafa í útileigunni eða í köldu rúmi. Þeir fást í versluninni Sipu.





Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Það skiptir ekki máli hvað þú færð mikið í fermingargjöf, heldur hvað þú gerir við það. Leggðu 20.000 kr. eða meira inn á Framtíðargrunn Landsbankans og þú færð 5.000 kr. til viðbótar.

Þú gætir líka unnið: iBook fartölvu eða iPod nano

Hafðu samband og við ráðleggjum þér hvernig fermingarpeningarnir þínir eru best geymdir.



„Strákar látið ekki svona,
það er alltaf gaman að syngja.
Syngið með mér.“

Kisan malar á Klakanum

Þórunn er hálf íslensk og hálf bandarísk. Faðir hennar, Gerald Max Anspach, flúði Þýskaland 1936 er nasistar komust til valda og gerðist bandarískur ríkisborgari. Í síðari heimsstyrjöldinni barðist hann fyrir hönd bandamanna og tók meðal annars þátt í árásinni á D-degi. Að loknu stríðinu nam hann málaraalist í París og það var þar sem hann varð ástfanginn af Högnu Sigurðardóttir sem nam arkitektúr við sama skóla. Hún er Íslendingum að góðu kunn og hannaði meðal annars Kópavogssundlaug auk fjölda skólabygginga í París. Saman eignuðust þau tvö börn, þær Þórunni og Sólveigu. „Ég er fædd í Vestmanneyjum því foreldrar mínir vildu að ég væri íslensk,“ segir Þórunn. „Þau vildu líka að við systurnar töluðum íslensku svo hvert sumar fórum við í tvo mánuði til ömmu og afa í Vestmanneyjum. Í París vorum við líka með íslenskar auþakir stúlkur en þegar ég var 14 ára hætti ég að koma til Íslands og þá missti ég íslenskuna niður,“ segir Þórunn.

Oliver er hinsvegar jafn franskur og Eiffelturninn sjálfur. Móðir hans var lyfjafræðingur og faðir hans rekur eina stærstu hótélkeðju í Evrópu með svefupláss fyrir 260.000 manns. „Pabbi kom fyrstur með sérstakt hótelfyrirkomulag. Þá eru þetta eiginlega lítill þorp með búðum, veitingastöðum og börum en allar íbúðirnar eru í eigu hótelsins. Svo getur fólk keypt sér íbúðir sem hótelið sér svo um að

» Hjónin Þórunn Anspach og Oliver Bremond eru einkar viðkunnanlegt og opið fólk. Saman reka þau verslunina Kisuna á Laugavegi 7 en þar er hægt að fá allt frá hátískutöskum til barnaleikfanga. Þegar þau settust niður með mér og spjölluðu um daginn og veginn var erfitt að gera sér í hugarlund að fyrir aðeins ári ráku þessi brosmildu hjón stærsta framleiðslufyrirtæki Frakklands á sviði sjónvarpsefnis.

leigja út þegar eigandinn er ekki á staðnum,“ segir Óliver. „Svo fann afa líka upp flúortannkrem,“ bætir Oliver við og hlær.

Þórunn er stjórnmálafræðingur en hún fékk snemma áhuga á því að starfa við framleiðslu sjónvarpsefnis. Það var þess vegna sem hún hóf samstarf með Oliver, en þegar þau kynntust hafði hann nýstofnað framleiðslufyrirtækið Marathon. Frá upphafi

var það markmið Olivers og Þórunnar að framleiða sjónvarpsefni sem hægt væri að selja um allan heim. „Það er algengt að framleiða efni fyrir bara eina sjónvarpsstöð, efni sem er svo ekki hægt að selja neitt annað. Þetta vildum við ekki gera heldur framleiða efni sem við gætum selt út um allt,“ segir Óliver. Meðal þess efnis sem fyrirtækið hefur framleitt eru barnaefni, framhaldspættir og sápuóperur en ein þeirra, Saint Tropez, hefur orðið svo vinsæl að búið er að framleiða 460 þætti.

Undir handleiðslu Olivers og Þórunnar óx fyrirtækið og dafnaði og varð brátt stærsta fyrirtæki sinnar tegundar í Frakklandi. Á sama tíma blómstraði ástin og þótt allir aðrir í kringum þau væru löngu búin að sjá hversu vel þau áttu saman tók það þrjú ár og fjölmargar sölufærðir um allan heim að ná saman.

Í janúar fyrir rúmu ári ákvað Oliver að selja Marathon. „Þetta var ekki jafn spennandi og það hafði verið,“ segir



„Ég man þegar ég var
lítill og fólk spurði hvað
ég hétí og hvaðan ég
væri þá varð fólk svo
hissa og spurði: en þú
talar ekki málið er það?
Ég var svo ógurlega mont-
in að geta svarað játandi og
ég vil að það sama gildi
um börnin mín.“

Þórunn. „Þegar Oliver stofnaði Marathon 1990 höfðum við svo mikið frelsi til að gera það sem við vildum. Það var ein af undirstöðum fyrirtækisins. Núna ráða sjónvarpsstöðvarnar mun meiru og við þurfum að lúta vilja þeirra. Þar að auki var mestu spennunni í kringum uppbyggingu fyrirtækisins lokið og þess vegna ákváðum við að breyta til.“ Þegar Oliver tók þessa ákvörðun höfðu hann og Þórunn búið hér á landi í hálf t. Þessa mánuði hafði Oliver stjórnað fyrirtækinu í gegnum síma og margir af þeim sem hann stundaði viðskipti við höfðu ekki hugmynd um að hann væri ekki í París.

„Við ætluðum okkur alltaf að flytja til Íslands tímabundið og búa hérna í ár eða svo.“ segir Þórunn en hún er þeirrar skoðunar að maður verði að tala tungumál þeirrar þjóðar sem maður telur sig tilheyra. „Börnin okkar eru íslensk og okkur þótti mjög leiðinlegt að hugsa til þess að börnin okkar myndu ekki tala íslensku. Ég man þegar ég var lítill og fólk spurði hvað ég héti og hvaðan ég væri þá varð fólk svo hissa og spurði: en þú talar ekki málið er það? Ég var svo ógurlega montin að geta svarað játandi og ég vil að það sama gildi um börnin mín.“

Þrátt fyrir að viljinn væri fyrir hendi höfðu Þórunn og Oliver takmarkaða trú á að af því yrði að þau myndu búa hérlandis. Fyrsta skrefið tóku þau er þau keyptu hús við Stýrimannastíg og brátt fór þeim að finnast það svo mikil synd að eiga þetta fallega hús en búa ekki í því. Þau létu því slag standa og fluttu hingað og komust fljótlega að því að eitt ár væri ekki nóg. Oliver var alltaf í Frakklandi að vinna og því var upplifunin að búa hér mjög takmörkuð fyrir hann. Þess vegna tóku þau skrefið til fulls, seldu fyrirtækið og settust hér að.

Börnin eru óðum að ná tókum á íslenskunni og er hún orðin það tungumál sem þau tala sín á milli. Yngsti fjölskyldumeðlimurinn, hún Dóra, er nýbyrjuð að fara á leikskóla og ljóma hjónin þegar minnst er á hana. „Þegar ég kem með hana á leikskólann segja allir góðan daginn svo það var eitt af fyrstu orðunum sem hún lærði á íslensku. Nú segir hún alltaf góðan daginn við alla á morgnana. Það finnst mér mjög sætt sérstaklega þar sem Íslendingar eru ekki nógu duglegir að heilsa manni,“ segir Þórunn og hlær.

Í október á síðasta ári opnuðu Þórunn og Oliver búð á Laugaveginum. Búðin heitir Kisan en það er ekki heglum hent að skilgreina hvað þar er selt. Búðin býður upp á ýmsa gjafavöru, flikur, leikföng, snyrtivörur og svo mætti lengi telja. Það er engu líkara en Þórunn og Oliver hafa valið það sem þeim líkar og ákveðið að selja það. Þetta er



Kisan er eiginlega concept-búð fyrir fjölskylduna. Hugmyndin er að hafa lítið af öllu og breyta oft um vörur þannig að það er alltaf eitthvað nýtt

líka nákvæmlega hugsunin á bak við búðina.

Hugmyndin um búðina blundaði lengi í hjónunum. Þar sem þau ferðuðust mikið, og hafa að eigin sögn mjög gaman af því að versla, mynduðu þau smám saman sterkar skoðanir á því hvað væri flott í hverju landi og hvar væri hægt að fá bestu vörurnar í hverjum flokki. Búðin er því úrval af því sem þeim finnst best og hvað er í uppáhaldi hjá þeim. „Þetta er eiginlega concept-búð fyrir fjölskylduna. Hugmyndin er að hafa lítið af öllu og breyta oft um vörur þannig að það er alltaf eitthvað nýtt. Allt er sérvalið og fólk ætti að finna að þó hlutirnir séu ólíkir er sameiginlegur þráður sem tengir þá. Við vitum að auðvitað er þetta svolítið dýrt en við höldum að það sér markaður

fyrir þetta hér. Reyndar erum við ódýrari en búðir sem selja sömu vöru í New York og París,“ segir Þórunn.

„Ísland er mjög hipp á flestum sviðum eins og í tónlist og tísku“ segir Oliver. „Það er ein af ástæðunum fyrir því að búðin er hér í Reykjavík og í miðbænum en okkur þykir báðum mjög vænt um miðbæinn. Hér eru falleg hús en það vantar fleiri búðir. Það er eins og hann sé svolítið rykugur.“

Að reka Kisuna er litlu minni vinna en að reka Marathon. Hjónin eiga í viðskiptum við yfir 80 framleiðendur og þurfa að eiga góð samskipti við þá. Sökum eðlis búðarinnar verða þau einnig að fylgjast vel með og fara reglulega á sölusýningar og hátíðir. „Þetta er heilmikil vinna, engu minni vinna en í Marathon. Munurinn er hins vegar sá að við ferðumst ekki jafn mikið og það er mun minna stress,“ segir Þórunn og Oliver ranghvolfir augunum og er það greinilegt að hann saknar þess lítið að vera með hugann við vinnuna allan sólarhringinn.

Framtíðin er óráðin og hafa hjónin ekki gert neinar langtímaáætlanir. Þeim líkar lífið á Íslandi og rekstur búðarinnar gengur vel. Svo vel reyndar að hugmyndir eru uppi um að opna útibú í NY og París. „Okkur langar að gera meira úr því en við erum ekki tilbúin í þá vinnu sem því fylgir. Fólk frá New York sem kemur inn til okkar er yfir sig hrifnið og hvetur okkur til að opna búð þar og auðvitað væri gaman að opna búð í París. Við erum samt ekki tilbúin í meiri ferðalög og viljum heldur slappa af og njóta tímans með börnunum,“ segir Þórunn.

„Það eina sem er erfitt við að búa hérna eru allir vinirnir sem urðu eftir í París,“ segir Þórunn. „Vinirnir eru reyndar mjög duglegir við heimsækja okkur og allir sem koma verða ástfangnir af Íslandi. Sumir svo mikið að þeir eru að hugsa um að setjast hér að en ég held að það verði aldrei,“ segir Þórunn að lokum og glottir út í annað.



Ertu komin með Merrild á heilann?



Íslendingar kjósa Merrild!

Hún elskar Jóakim

Þá hefur hulunni loks verið svipt af nýju kærustu Jóakims Danaprins. Í síðustu viku steig fram í sviðsljósið ung, glæsileg kona með kastaníubrunnt hár, perluhvítar tennur og línur sem helstu klæðskera heims dreymir um að sníða fót fyrir.

Hún heitir Marie Cavallier og er fædd í París fyrir rétt rúmum þrjátíu árum síðan. Í dag býr hún hins vegar í Genf og vinnur í fjármálafyrirtæki fósturpabba síns. En sennilega er þess ekki langt að bíða að hún flytji til Danmerkur með púðluhundinn sinn Epli og hefji sambúð með prinsinum sínum honum Jóakim.

SLÁANDI LÍK MARY

Það er stundum krúttlegt þegar strákur ná sér í kærustu sem líkjast mömmu gömlu pinku pons en öllu verra þegar kærastan reynist tvífari eiginkonu eldri bróður manns. Það er því soldið vandræðalegt fyrir



Marie (að ofan) þykir sláandi lík Mary (til hægri), eiginkonu Friðriks, bróður Jóakims.



Jóakim hversu ótrúlega lík Marie er henni Mary hans Friðriks. Því hafa slúðurblöðin birt flennistórar myndir af þeim stúlkum hlið við hlið og velkist enginn Dani í vafa um að Marie er næstum alveg eins og Mary. En auðvitað skiptir útlitið ekki öllu máli. Það veit Jóakim manna best.

STUTT SAMBAND

Helstu sérfræðingar í málefnum dönsku konungsfjölskyldunnar telja víst að hirðin hafi skipulagt sýninguna á Marie, ef svo má segja. Er það til marks um að samband þeirra sé komið á alvarlegt stig þrátt fyrir að hafa aðeins varað í hálf ár og þau aðeins hist þrisvar sinnum á þeim tíma. En samkvæmt Marie kynntust þau fyrst fyrir tveimur árum síðan í veislu í Kaupmannahöfn. Jóakim, verandi hálfur fransmaður átti létt með að ræða heima og geima við Marie á hennar móðurmáli og tókust með þeim góð kynni. Þrátt fyrir að



Jóakim væri enn giftur Alexöndru á þeim tíma hófu þau að skiptast á tölvupóstum. En það var samt ekki fyrir en síðasta haust er þau sátu yfir rómantískum kvöldverði að neistinn kviknaði sem nú hefur orðið að þessu mikla báli sem danska þjóðin bíður spennu eftir að sjá meira af.

UNAÐSDAGAR Í HÖLLINI

Jóakim kartöflubóndi er að sjálfsgöðu búinn að bjóða kærustunni heim í dönsku sveitina sína. Þar segir Marie að þau hafi átt yndislega daga saman enda sé Jóakim einstaklega þægilegur maður að vera með. Ekki skemmdi fyrir að Jóakim er enginn eftirbátur föður síns þegar kemur að eldhúsvorkunum og var Marie heilluð upp úr skónum þegar hún sá og smakkaði kræsingarnar sem hann bar á borð fyrir hana í höllinni.

Þau gáfu sér einnig tíma til að spásæra um nágrenni hallarinnar en Marie er mikil útivistarmanneskja og fer að sögn á skíði um hverja helgi. Hún segist þó velja Jóakim fram yfir brekkurnar og því meira en til í að flytja til Danmerkur einn daginn.

ILSE JACOBSEN • Hornbæk



VOR Í LOFTI

JULIE FAGERHOLT
KAPTEJN

**BAUM UND
PFERDGARTEN**

skabte
KATHLEEN MAGDEN

NAJA LAUF

ILSE JACOBSEN • Hornbæk

Garðatorgi - GARDABÆ



Umsjón HALLA BÁRA GESTSDÓTTIR

Myndir GUNNAR SVERRISSON



Ritstjórar TÍMARITSINS VEGGFÓÐURS

» HEIL KJÚKLINGAMÁLTÍÐ

Kjúklingur er hollur, góður og þægilegur matur. Fyrir utan það er hægt að gera hreint ótrúlega mikið úr honum. Ein aðferð sem hægt er að mæla með er að fylla hann; þ.e. kaupa heilan kjúkling eða bita með skinni og troða fyllingunni undir. Kjötíð verður bragðmikið og mjúkt. Hér er meðlætið sömuleiðis algjört lostæti og að sjálfsögu hægt að mæla með því með hverju sem er.

FYLLTUR KJÚKLINGUR MEÐ KOTASÆLU, MASCARPONE OG KRYDDJURTUM

Heill kjúklingur eða bitar, með skinni
2 dl kotasæla
2 dl mascarpone
2 hnepar af ferskum kryddjurtum; steinselju, basilíku, tímían, salvíu eða rósmarín
1 dl furuhnetur
safí úr hálfri sítrónu
salt og pipar
1/2 kjúklingateningur

Hreinsið kjúklinginn og stingið gat á skinnið. Ef um heilan kjúkling er að ræða, eru gerð göt á sitt hvora bringuna og báða leggina. Farið með fingur undir skinnið svo myndist hol til að troða fyllingunni inn í. Setjið allt hráefnið í matvinnsluvél fyrir utan teninginn, og maukið. Troðið fyllingunni í gegnum götin, þrýstið henni til og frá og ekki spara

hana. Smyrjið afgangnum á kjúklinginn. Saltið og piprið eftir smekk. Látið í ofnskúffu eða í pott og setjið botnfylli af vatni. Myljið teninginn út í vatnið. Setjið í rúmlega 200 gráða heitan ofn; í 70-80 mín. ef um heilan kjúkling er að ræða en í um 60-70 mín. ef notaðir eru bitar. Kjúklingurinn er tilbúinn þegar kjötíð nánast dettur af beinunum. Í skúffunni verður til góð sósa til að hafa með. Hana má baka upp ef vilji er til.

SALAT MEÐ CHILLÍ-STEIKTUM PERUM OG GRÁÐAOSTI

2-3 perur, afhýddar og skornar í báta
25 g smjör
2 msk. furuhnetur
1/4 tsk chilliflögur
2 msk. hunang eða Maple-sýróp
200 g salat að eigin vali, klettasalat eða spínat hentar vel
1 msk. sítrónusafí
2 msk. ólífuolía
salt og pipar
200 g gráðaostur

Mýkið perurnar í smjöri á pönnu í 3-5 mín. Bætið furuhnetum, chillí-flögum og hunangi eða sýrópi saman við og blandið vel. Látið malla þar til perurnar eru aðeins mjúkar.

Setjið salatið á disk. Stráið olíu og sítrónusafa yfir það, saltið og piprið aðeins. Leggið perurnar á salatbeðið og hellið safanum af pönnunni yfir. Myljið ostinn yfir allt saman. Berið fram. Það er í lagi þótt perurnar kólni þótt salatið sé gott með heitum perum.

STÖKKIR KARTÖFLUBITAR MEÐ SJÁVARSALTI

2 kg kartöflur, skornar í teninga
2 dl olía
3 msk. smjör
gróft salt, sjávarsalt

Skraelið kartöflurnar og skerið í teninga, um 1 1/2 cm. Sjóðið teningana í um 7 mín. og látið þá leka vel af þeim. Hitið olíu og smjör á stórri pönnu. Þegar heitt setjið kartöflurnar í heita olíuna og veltið þeim aðeins til. Hellið í eldfast mót og bakið við 200 gráður í 40-50 mínútu. eða þar til þær eru vel stökkar og gullnar að lit. Ef mikil olía er í fatinu hellið af henni og miðið við botnfylli. Gott að hræra einu sinni í kartöflunum á eldunartíma. Setjið á disk og saltið.

Hér er einnig hægt að nota forsoðnar kartöflur. Skera þær í teninga og velta beint upp úr heitri olíunni. Þær þarf að elda í 200 gráða heitum ofni í 30-40 mínútur eða þar til stökkar og gullnar.



NJÓTTU LÍFSINS
MEÐ HEILBRIGÐUM
LÍFSSTÍL

KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega
prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust.
Í því eru hvorki sætuefni né önnur
hjálparefni. KEA-skyr er góður kostur
fyrir alla þá sem hafa hollustuna
í fyrirrúmi og vilja lifa á
heilsusamlegan hátt.



Skýr



FEGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA

KOLLWENTZ:

Lesendur hvattir til að taka við sér!

„Og nú vil ég að lesendur Gestgjafans taki við sér og prófi sjálfir hversu góð þessi vín eru,“ segir vínrynjir tímaritsins, Þorri Hringsson, í nýjasta hefti Gestgjafans þar sem hann vakti athygli á gæði austurrískra vína og fjallaði mjög lofsamlega um rauðvínið Kollwentz Blaufränkisch. Þeir sem hafa dvalið í Austurríki síðustu árin verða oft hlessa yfir gæðum austurrískra vína. Vissulega eru þau fremur dýr en gæði hafa alltaf kostað sitt. Kollwentz er lítið fjölskyldufyrirtæki í Burgenland, austast í Austurríki. Kollwentz hefur verið talinn einn af fimm bestu framleiðendum í Austurríki en viðtal við René Gabriel, sem birtist í Vorarlberger Nachrichten 24. september síðastliðinn, kom mörgum (og reyndar Kollwentz líka) skemmtilega á óvart. René þessi Gabriel, sem er svissneskur, hefur verið kallaður „Der Europäische Weinpapst“ (vínabbi Evrópu) eða „Parker Evrópu“ og er þá verið að líkja honum við hinn bandaríska Robert Parker sem er einn áhrifamesti maðurinn í vínheiminum. Í viðtalinu er víða komið við en í lok þess, án þess að vera spurður um það, segir René Gabriel orðrétt: „Ef ég er spurður hver sé besti vínframleiðandi heimsins, þá svara ég Kollwentz.“ Ekki vegna þess að hann framleiði bestu vínin í hverjum flokki heldur vegna þess að það er enginn sem framleiðir þurr hvítvín, rauðvín og sætvín í sama gæðaflokki og Kollwentz.“

Hér á landi fást í Heiðrónu og Kringlunni níu tegundir vína frá Kollwentz. Eru það allt frá hreinum og beinum vínum sem kosta um 1.400 kr. upp í sannkallaða rísa á rúmar 4.000 kr. Og allt þar á milli, allt afburða vín. Hér nefnum við aðeins nokkur þessara vína.



KOLLWENTZ WELSCHRIESLING er búið til úr welschriesling sem er fjölhæfasta þruga Austurríkis. Það er þurrt með gras, peru og blómaangan í nefi sem síðan skilar sér í bragðinu með sítrus til viðbótar. Þetta er vín sem gengur með flestu því sem hvítvín ganga með, létt og skemmtilegt með stuttu og mildu eftirbragði.

KOLLWENTZ CHARDONNAY TATSCHLER hefur verið kallað „Rollsinn“ í hvítvínunum hjá Kollwentz, vín sem hefur verið kosið besta hvítvín Austurríkis oftar en einu sinni, vín sem Parker og fleiri góðir hafa lofað í hástert. Eitt sem er sérstakt við þetta vín er að það þykir henta afskaplega vel með austurlenskum mat.

KOLLWENTZ STEINZEILER er hinn „Rollsinn“ frá Kollwentz, margverðlaunað í bak og fyrir og oft fengið yfir 90 í einkunnagjöf hjá helstu spekulöntum. „Niðurstaða: Vá!“ segir í umsögn á vínsíðunni Smakkarinn.is.



TAKTU ÞINN LÝSISTÍMA Á HVERJUM DEGI ÞVÍ AÐ...

Lýsið betra en lyfin?

RANNSÓKNIR, sem gerðar hafa verið í Bretlandi á börnum, sem standa sig illa í skóla, eru óróleg og einbeitingarlaus, sýna, að frammistaða þeirra og hegðun stórbatna ef þeim eru gefnar náttúrulegar fitusýrur, blanda af lýsi og næturljóssolíu.

Móira er 120 lítra líf sex til tólf ára börn þótt í rannsókninni og NKA heilingsgræn tiltekið af lýsi eða omega-3-fitusýru og omega-6- fitusýru er næturlyfi, sem er gáma af sýrri-súretti. Hin fanga lýf- leynt að því er frum koma á Bretlandi BSC, hversu ríkið hefur sýna.

Ekki þótt skammti komi í lýfi, að þess líkindi, sem fanga náttúrulega fitusýrur, hafa bætt sig verulega í skóla og í öðrum fræðingum. Eftirlit hefur á eftir og skammti skammti var betra. Þá hafið hefur gæta barnanna heilni og þá ekki öðru stjórnað þeirra.

„Rannsóknir, sem gerðar hafa verið í Bretlandi á börnum, sem standa sig illa í skóla, eru óróleg og einbeitingarlaus, sýna, að frammistaða þeirra og hegðun stórbatna ef þeim eru gefnar náttúrulegar fitusýrur, blanda af lýsi og næturljóssolíu.“

Morgunblaðið, 6. maí 2005



www.lysi.is

Peysur, skyrtur og vestí í vor!

Kynning



Companys - In Wear
Skyrta kr. 3.990, vesti kr. 4.990

Nýjungarnar í tískustraumnum þetta árið eru falleg vestí ásamt skyrtum og síðum peysum. Stuttar síðerma peysur halda sínum sessi áfram í vor og líta reimaðir bolir einnig dagsins ljós ásamt hinni klassísku nauðsynjareign, gollunni. Litadýrðin leynir sér ekki nú þegar vorið er á næsta leiti en litir eins og bleikur, grænn og blár verða áberandi fram að sumri.



NEXT - Kringlunni
Bolur kr. 5.390



Kiss - Kringlunni
Peysa kr. 3.490, hálsmen kr. 1.900
& kr. 1.490



Noa Noa - Kringlunni
Bolur kr. 3.390



Benetton - Smáralind
Peysa kr. 4.495



NEXT - Kringlunni
Skyrta kr. 4.290



Companys - In Wear
peysa kr. 4.990



Kiss - Kringlunni
Bolur kr. 2.990, hálsmen kr. 2.900



Companys - Saint Tropez
peysa kr. 3.990



Companys - Soaked in Luxury
Skyrta kr. 4.990



MANGO - Keflavík
Bolur kr. 3.900



NEXT - Kringlunni
Peysa m/skyrtu kr. 3.990



Gallabuxnabúðin - Kringlunni
Vesti kr. 3.950, pils kr. 3.950



Systurnar Ása og Jóna Elísabet Ottesen segja að stelpur og strákar eigi að vera óhrædd við að blanda saman ólíkum mynsturum og litum.

Leggings verða áberandi í sumar ef marká má orð systuranna í Gyllta kettinum.



Lykilatriði að skapa sinn eigin stíl

„Það er svo margt sem er í tísku. Fólk blandar öllu saman og klæðir sig eins og því líður best. Fátt er verra en að sjá fólk sem líður illa í fötunum sem það klæðist,“ segja systurnar Jóna Elísabet og Ása Ottesen í Gyllta kettinum sem Birta spurði álíts á komandi straumum og stefnum í kvennatískunni. Stelpurnar nefna að tiskan í dag sæki mjög mikið til fortíðarinnar. Verið sé að leita til margra tímabíla og þess vegna ægi öllu saman. Vegna þessa sé erfiðara en ella að segja hvað sé vinsælt og hvað sé flott. Lykilatriði sé þó að skapa sinn eigin stíl og klæða sig eftir því sem hentar hverjum og einum best. Systurnar vilja þó nefna nokkur atriði sem þær telja að eigi eftir að vera áberandi á komandi mánuðum.

„Fyrsta sem okkur langar til þess að nefna eru leggings, bæði glans og mattar, í öllum litum. Í sumar verða þær flottar í kvartstærð og má nota við hvað sem er.“ Niðurþröngar gallabuxur halda áfram að vera áberandi nema að þær gætu orðið mun litríkari en áður að mati systuranna. „Alls kyns kjólar eru einnig algjört móst. Samt eru engir ákveðnir kjólar meira áberandi en aðrir. Þetta eru alls konar kjólar; litríkir, blómakjólar, stuttir kjólar við buxur og fleira. Annars eru flestöll mynstur einnig mjög áberandi.“

Fyrir efri hluta líkamans segja Jóna og Ása að flott sé til dæmis að klæðast skrapóttum og marglituðum bikíní-toppum undir sumربولina. „Ljósari litirnir eru að koma nokkuð sterkir inn. Annars erum við lítið fyrir að nefna einhverja ákveðna liti. Sumarið verður mjög litríkt og það er bara alltaf flott að blanda nokkrum litum saman,“ segja hinar glaðværu systur í Gyllta kettinum að lokum.

Texti: STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON

Myndir: STEFÁN OG ÞJETUR

Kjólar með mittsbelti verða án efa algeng sjón á Austurvelli og annars staðar í sumar. Uppi á vegg má einnig sjá tvihnepptan jakka sem hafa verið geysilega vinsælir að undanförunu.



Alls konar aukahlutir verða áberandi eins og venjulega. Stórir hringir eru hins vegar að kom verulega sterkir inn.

Bílskúrs og geymsluhillur

fyrir
BÍLSKÚRINN
GEYMSLUNA
HEIMILIÐ
FYRIRTÆKIÐ

Einfalt í uppsetningu.
Skrúfufrítt og smeltt
saman
Einnig hægt að tengja
vinnuborð við eininguna

kr.7.700.-
viðbótareining kr. 5.586.-



Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

Kíktu á www.isold.is




**Vorum að taka
upp mikið
af rúmum**



BabySam.

Skeifan 8 - s. 568 2200 - Smáralind - s. 534 2200
www.babysam.is



Ekki láta appelsínuhúðina í friði:
raunhæfur árangur hjá 85%*

PERFECTSLIM

EFTIR 24 TÍMA

MINNI APPELSÍNUHÚÐ + STINNANDI ÁHRIF

■ PerfectSlim inniheldur niðurbrjótandi efni
gegn fitu, vinnur gegn appelsínuhúð sem safnast
hefur fyrir á lærum og rassi.

■ Bætt með Par-Elastyl™, sem sléttir og stinnir
húðina stig af stigi.

Árangur:

Eftir 8 daga: +41% þéttari, +89% stinnari**
Eftir 15 daga: -1 cm minna ummál á lærum***

Viltu vita meira: www.lorealparis.com

BODY-EXPERTISE. ÞÍN EIGIN FEGRUNARADGERÐ.
ÞVI ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.

L'ORÉAL
PARIS



* Prófað á 50 konum í 2 vikur
** Mælt með þ.f.g. tækjum á 24 konum
*** Prófað á 50 konum



Kristín Eva Þórhallsdóttir
elur upp

Með fangið fullt

Vinur minn, þriggja barna faðir, sagði mér einu sinni að maður þyrfti að einbeita sér að uppeldinu á fyrsta barninu því þau sem kæmu á eftir gerðu bara það sem eldri börnin gerðu. Þá átti ég bara eitt barn, lítinn dreng, og taldi mig hafa staðið mig nokkuð vel í uppeldinu. Drengurinn var hlýðinn og gerði oftast það sem ég bað hann um að gera. Annað kom á daginn þegar seinna barnið mitt kom í heiminn, lítill stúlka sem vildi helst eyða öllum sínum stundum í fangi móður sinnar.

Uppeldi drengsins var að sjálfsögðu ekki lokið þó að yngra systkini væri komið til sögunnar og þurfti ég enn að segja honum til og biðja hann um að gera eitt og annað, Eins og að klæða sig í skó, fara upp í rúm að sofa og koma fram að borða. Þá kom kom það í ljós að hann hlýddi mér mjög sjaldan. Hlutirnir gerðust yfirleitt ekki nema að ég kæmi og kláraði þá, klæddi hann í skóna, setti hann í rúmið eða færði hann á milli staða með því að taka hann upp og setja hann þangað sem hann átti að vera. Ég áttaði mig á því að ég hafði svo ótrúlega oft verið óþolinmóð að ég gaf honum ekki færi á að klára hlutina upp á eigin spýtur, því auðvitað vorum við alltaf að flýta okkur hingað og þangað, alltaf að verða sein. Og þarna stóð ég með fangið fullt af öðru barni og gat ekki farið og gert alla þessa hluti fyrir hann. Mér þótti þó ekki verst að ég þyrfti að ganga á eftir honum með að klæða sig í skóna, heldur að þurfa að horfa á eftir honum með hjartað í buxunum hlaupa yfir götu og hunska skipanir mínar um að fara sér hægt.

Ég læt það liggja á milli hluta hvort slæmum uppeldisaðferðum mínum hafi verið um að kenna þegar hann hlýðir mér ekki, því að vissu leyti eru öll börn svona, þau hlýða ekki alltaf. Sú staða veldur flestum foreldrum hugarangri sem hefur opnað markaðinn fyrir bókum og sjónvarpsþáttum um uppeldismál, þar sem allt snýst um að fá barnið til að hlýða. Vissulega skiptir það máli að barnið hlýði, en það er kannski ekki aðalmálið. Uppeldi snýst um svo margt, eins og til dæmis að gefa barninu tækifæri til að vera það sjálft og sýna því ótakmarkaða ást og umhyggju.

Orð vinar míns reyndust orð að sönnu því ekki hafði stúlkan lifað lengi þegar hún var farin að apa eftir bróður sínum. Oftar en ekki eru þau óþekkt á sama tíma og óhlýðnast mér í einhverju hláturskasti því þeim finnst þau vera svo sniðug að gera ekki það sem ég bið þau um. Get ég þá ekki annað en hlegið líka og lofað svo sjálfri mér að takast á við agavandamálið strax næsta dag. Því þessu lýkur aldrei, og sennilega ekki séns að klára að ala upp fyrsta barnið áður en það næsta kemur.



nordicphotos/gettyimages

Eldri mæður fá frekar tvíbura

Eldri mæður eru líklegri til að eignast tvíbura en þær sem yngri eru samkvæmt nýrri rannsókn.

Niðurstöður nýrrar rannsóknar sem gerð var í Þýskalandi benda til að eldri mæður SÉU líklegri til að eignast tvíbura þar sem þær framleiða fleiri egg en yngri konur.

Rannsókuð var hormónaframleiðsla hjá tæplega 600 konum. Í venjulegum tíðahring örva hormón framleiðslu eggja í konum og er þessu ferli stýrt af líkamanum á þann hátt að hormónaframleiðslan hættir um leið

og eitt egg hefur þroskast. Eftir því sem konur urðu eldri jókst þessi hormónaframleiðsla og var mest í konum yfir 35 ára aldri. Eldri konur eru því líklegri til að framleiða fleiri en eitt egg og líklegri til að eignast tvíbura.

Rannsakendur segja þetta tilraun líkamanans til að halda í frjósemi sína fram eftir aldri. Mikil fjölgun hefur orðið á tveggja tvíburum síðustu ár og eru þeir um þrjú fjórðu af öllum fæddum tvíburum.

Plómutómatalat

Salat gerir góða máltíð betri. Hér er uppskrift að hollu og bragðgóðu plómutómatalati.

6 til 8 þroskaðir plómutómatar
2 msk. furuhnetur
1 grand-salat eða annað íslenskt salat
nýmaladur pipar
salt
1/2 gúrka
1/2 krukka fetaostur í kryddlegi
3 msk. ólífuolíu
safí úr 1/2 sítrónu
nokkur mintulauf



Tómatarirnir skornir í sneiðar og endarnir teknir frá. Furuhneturnar ristaðar á þurri pönnu og láttnar kólna. Salatblöðin skoluð, þerruð og raðað á fat eða stóran disk. Tómtötunum raðað í hring ofan á og þeir kryddaðir með pipar og salti. Endarnir af tómtötunum og gúrkann er skorið í teninga. Blandað saman í skál ásamt fetaosti, ólífuolíu, sítrónusafa, pipar, salti og nokkrum smátt söxuðum mintulaufum. Öllu saman hrúgað í miðjuna á salatfatinu. Furuhnetunum dreift yfir og skreytt með nokkrum mintulaufum, skornum í ræmur.

Uppskrift fengin af www.islenskt.is



Beliss Bylting frá Babyliss Paris

Nú getur þú þurrkað, blásið og sléttað hárið á helmingi styttri tíma en áður.

Með beliss þurrkar þú og sléttar krullað, hár, þykkt hár, úfið hár, alveg frá rótum og fram í enda.

Öflugur blásari og ceramic sléttun gerir hárið silkimjúkt og glansandi

Ný, einföld en fagmannleg hönnun fyrir þig að nota.

BE liss
Gerir fallett hár fallegra

BaByliss
PARIS



Leik Höllin

Leikur og List

Skráning er hafin fyrir
apríl námskeiðin!!!!

Leikfimi
(2 mánaða - 6 ára)
Tónlist
(6 mánaða - 6 ára)
Listanámskeið
(3-9 ára)
Meðgöngujóga
Ungbarnanudd
Mömmuleikfimi
Afmælisveislur

www.leikhollin.is

Nagarlind 14-16 Kóp. S 517-7900 leikhollin@leikhollin.is

FERMINGAR-
MÖMMUR OG ÖMMUR,
STÓRGLÆSILEGUR
VORFATNAÐUR (DRESS) FRÁ

GERRY WEBER

Taifun

Lucia

**FUCHS-
SMITTH**



KVEF?

VERKJALYF



HÁLSTÖFLUR



FRUNSUKREM



NEFÚDI

Opið til 24 alla daga
Lyf & heilsa Austurveri

Opið til 21 alla daga
Lyf & heilsa JL húsinu

Austurstræti • Austurveri • Domus Medica • Firði, Hafnarfirði • Fjarðarkaupum • Glæsibæ • Hamraborg Kópavogi
JL-húsinu • Kringlunni 1.hæð • Kringlunni 3.hæð • Melhaga • Mjódd • Mosfellsbæ • Salahverfi • Eiðistorgi • Hellu
Hveragerði • Hvolsvelli • Kjarnanum Selfossi • Vestmannaeyjum • Þorlákshöfn • Dalvík • Glerártorgi Akureyri
Hrísalundi Akureyri • Ólafsfirði • Akranesi • Keflavík

 **Lyf & heilsa**
Við hlustum!

» Sudoku vikunnar

#19

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölur. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.

9	1	5	6	8	2	7	4	3
8	3	2	5	4	7	1	6	9
6	4	7	9	1	3	2	8	5
2	6	4	8	5	1	9	3	7
3	8	1	7	2	9	4	5	6
7	5	9	3	6	4	8	2	1
5	7	8	2	9	6	3	1	4
1	9	6	4	3	8	5	7	2
4	2	3	1	7	5	6	9	8

Amlóði

9	8	6	7	4	5	3	2	1
3	7	4	1	8	2	6	5	9
1	2	5	9	6	3	7	4	8
4	6	7	5	3	8	9	1	2
8	3	9	2	1	4	5	7	6
5	1	2	6	7	9	8	3	4
2	9	8	4	5	7	1	6	3
6	5	3	8	2	1	4	9	7
7	4	1	3	9	6	2	8	5

Hálfdrætingur

7	2	4	3	5	9	8	1	6
9	3	8	6	1	4	7	5	2
5	1	6	7	8	2	4	3	9
3	4	5	8	9	1	2	6	7
6	9	7	5	2	3	1	8	4
2	8	1	4	7	6	5	9	3
8	7	9	2	3	5	6	4	1
1	6	2	9	4	8	3	7	5
4	5	3	1	6	7	9	2	8

Fullsterkur

7	2			3			9	6
6	1		8	2			5	7
	3		9	7			2	
		7				5		
	9		2	6			1	
4	7		6	8			3	5
9	6			2			7	8

Amlóði

		5				9	2	
	4							8
			7		6			5
			6		7	2		
		9	4	5	2	6		
		6	9		8			
6			1		4			
8							7	
	7	2				1		

Hálfdrætingur

	7			6		1	4	
3					1			9
		6				7		
			6		4			5
		2				6		
7			9		5			
		9				8		
2			3					1
	5	4		8			3	

Fullsterkur

LAUSNIR SUDOKUPRAUTA SÍÐUSTU VIKU (#18)



Þrjár milljónamiðar fundnir!

**Þeir fundust í:
Select, Suðurfelli
Samkaup-Úrval, Hrísalundi
Select, Suðurfelli**

Finnur þú þann næsta?

Gerir lífið meira spennandi



VÖNDUÐ HÚSGÖGN

NÝJAR VÖRUR

kr. 108.600.-

TUNGUSÓFI - SKEMILL FYLGIR

MICROFIBER ÁKLÆÐI
LITIR: LJÓST (BEIGE OG LJÓSBRÚNN)



ÚRVAL HÚSGAGNA Á VERÐUM SEM
KOMA ÞÉR ÞÆGILEGA Á ÓVART



kr. 119.900.-

MEGAN 3JA SÆTA HÆGINDASÓFI

ÍTALSKT LEDUR
LITIR: DÖKKBRÚNN, LJÓSBRÚNN
OG SANDLITADUR



kr. 84.900.-

PREMIUM SVEFNSÓFI

2.JA SÆTA SVEFNSÓFI MEÐ HEILSDYÐNI
MICROFIBERÁKLÆÐI



kr. 34.900.-

BOSTON HÆGINDASTÓLL

MEÐ RUGGU OG HÁTT BAK
MICROFIBERÁKLÆÐI
FÆST Í MÖRGLUM LITUM



RAFMAGNSNUDD

kr. 43.900.-

MEGAN HÆGINDASTÓLL

MICROFIBERÁKLÆÐI
RAFMAGNSNUDD
LITIR: LJÓSBRÚNN

kr. 43.900.-

BOSTON HÆGINDASTÓLL

MEÐ RUGGU OG HÁTT BAK
ÍTALSKT LEDUR
LITIR: DÖKKBRÚNN OG LJÓSBRÚNN

kr. 59.900.-

MEGAN HÆGINDASTÓLL

ÍTALSKT LEDUR
RAFMAGNSNUDD
LITIR: LJÓSBRÚNN, DÖKKBRÚNN, SVARTUR OG GULLUR

VISA OG EURO
RAÐGREIÐSLUR



VISA Lán
- HAGSTEDAR AFBORGANIR

SETT

HÚSGAGNAVERSLUN

OPNUNARTÍMI: **MÁNUD - FÖSTUD** 11:00 - 18:00 **LAUGARDAGA** 11:00 - 16:00 **SUNNUDAGA** 13:00 - 16:00

SETT HÚSGAGNAVERSLUN • ASKALIND 2A - 201 KÓPAVOGUR - SÍMI 534 1400 - WWW.SETT.IS

	28	MP & BH	PLANTA	JAFNVEL	AKSTURS- ÍÞRÖTT		SEM	FJÁRMUNIR	PUNNUR VÖKYI			
	AFTURSEGL											
	PÚLA											
						SEFA			1	HLJÓDFÆRI		RAKAÐUR
						VIÐBIT						
		SPÍRA	SVALL				FUGLAR					
			SLITRÖTT TAL				KÚGUN					
SETJA					STJÓRNAR- UMDÆMIS			2		STEINBOGI		
					HELGITÁKN					DANSLEIK		
FÆÐA					ÞRÁTTA					RÆNINGI		
					ÁVÖXTUR					GLJÚFUR		
BOR						TUTTUGU				GREINIR		
										DUFL		
SEGI UPP		SJÁÐU				HLUTDEILD						RÖÐ
		KYN										
			FLANA				HÁRS				4	
			SEYTLA				GAGN					FORSKEYTI
STEIN- TEGUND					ÓNEFNDUR					INNYFLI		
					SKAMM- STÖFUN					Í RÖÐ		
ÚRKOMA				3								
DREPA					KORN- TEGUND					LÍÐA VEL		
				STEFNA				UMDÆMI				



Leystu krossgátuna!
Þú gætir unnið hina frábæru spennumynd
Into The Blue með Jessicu Alba
og Paul Walker.

**TAKTU
ÞÁTTI!**



Þú sendir SMS skaytið JA SVAR LAUSNARORÐIÐ á númerið 1900!
 Dæmi hvernig SMS gæti lítið út ef svarið er Jón. Þá sendir þú SMS-ið JA SVAR JÓN.
 Dregið úr réttum svörum n.k. þriðjudag kl. 12.

Kominn í hóp skemmtilegustu stráka Íslands

Atli Þór Albertsson er einn sex þáttastjórnenda Strákanna á Stöð 2.

Atli Þór Albertsson gekk nýverið til liðs við Strákana á Stöð 2 ásamt Gunnari Sigurðssyni en fyrir voru þeir Sveppi, Auddi, Pétur Jóhann og Hugi búnir að skemmta Íslendingum fjóra daga vikunnar um nokkurt skeið. Atli er útskrifaður leikari úr leiklistardeild LHÍ og hefur nú þegar farið um víðan völl. Hann hefur m.a. leikið í Kabarett, í hinum ýmsu útvarpsleikritum og í eftirminnilegum auglýsingum Mastercard og OgVodafone. Sameinaðir eru nú strákarnir allir óstöðvandi og láta gamlann geysa fjögur kvöld í viku, frá mánudegi til fimmtudags.

„Það var komið að máli við mig og boðið að starfa með þessum hóp og mér leist gríðarlega vel á það,“ segir Atli þegar hann er spurður út í það hvernig hann hafði fengið starfið. Atli er að vonum heppinn að komast í þennan eftirsóttu hóp rugludalla og segir strákana gríðarlega hressa. „Þeir eru jafnvel flippaðri og skemmtilegri þegar kvikmyndatökuvélin er ekki í gangi. Þeir eiga helling inni miðað við hvað ég hef séð.“

Atli segir aðlögunina hafa gengið vel og að hann hafi fljótt komist inn í þennan lokaða hóp. „Það er nú bara þannig að ef maður kemur inn í hóp þar sem menn sem eru búnir að vinna mjög náið saman og ná góðum árangri í því sem þeir eru að gera, tekur það tíma að komast inn í hópinn. En þeir höfðu margt um það að segja að ég og Gunni kæmum inn í þættina. Þeir báru traust til okkar og þá náttúrlega varð að fylgja því eftir og sýna að maður væri traustsins verður. Ég held bara að hingað til hafi það gengið ágætlega. Við heilsumst allavega! Og það er bara virki-

